


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	SPÆN1RL05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2018	

Kennari	Auður Inga Ólafsdóttir	Sk.st.	AUÐ
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjálfður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið einfaldan texta um kunnugleg efni. Lögð er áhersla á lesskilningsþjálfun s.s. tal, hlustun og ritun, með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður og geti spurt og svarað einföldum spurningum. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning spænskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann. Gagnkvæm virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi í kennslutímum. Áfanginn krefst þess að nemandinn geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á náminu og sýni sjálfstæð vinnubrögð og nemendum er kennt að nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í áfanganum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðun þessa áfanga
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náið
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisísavörp
- skilja einföld samtöl
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi
- bjarga sér við sérstakar aðstæður

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sig skiljanlegan um einföld atriði
- vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður
- spyrja til vegar
- spyrja og svara einföldum spurningum
- segja frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið


Námsgögn:

- *Nos vemos! 1 – Cuaderno de ejercicios* (útgáfuár: 2014) og *Libro de alumno* (útgáfuár 2014). Útg. Difusión. (Bláar bækur). Fást m.a. í Eymundson – Akureyri.
- Góðar orðabækur.

Aðgangsorð Moodle: spæ1f

Annað:

- Öll skil verkefna/prófa/hljóðskrá o.s.fr. fara fram í gegnum Moodle. Ekki er tekið við þeim öðruvísi.
- Nemandi fær 2 vikur til að skila inn verkefnum hverju sinni, nema annað komi fram við innlögn. Þar sem nemandi fær rúman tíma í verkefnaskil er ALDREI opnað aftur fyrir verkefni.
- Einkunn 0 er gefin ef *augljóst* þykir að þýðingasíður á netinu eða einhver annar en nemandi hafi unnið verkefni annarinnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	SPÆN1RL05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2018	


Áætlun um yfirferð:

Vika	Libro del alumno	Cuaderno de ejercicios	Námsmat
4	Kafli 1	Æfingar í Cuaderno er að finna á Moodle	Kynning áfangans
5	Kafli 1		
6	Kafli 1		Moodle verkefni
7	Kafli 2		Kaflapróf 1
8	Kafli 2		
9	Kafli 2		Skilaverkefni
10	Kafli 3		Moodle verkefni
11	Kafli 3		Kaflapróf 2
12	kafli 3		
13	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ	Hlustun - Skilaverkefni
14	Kafli 4/kafli 5		Hlustun/skilaverkefni
15	Kafli 5		Skila inn hljóðskrá
16	Kafli 5		

- Birt með fyrirvara um breytingar -

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skilaverkefni gegnum Moodle	Tvö eyðufyllingarverkefni úr köflum bókar, 1 skriflegt verkefni og ein sjálfstæð skilavinna (2.5% fyrir hvert af þessum verkefnum)	10%	
Kaflapróf	Tvö kaflapróf verða á önninni, (10% hvert) - tekið gegnum Moodle.	20%	
Munnlegt verkefni	Munnlegt verkefni - hljóðskrá úr einhverju efni bókar - upptöku skilað til kennara gegnum Moodle	10%	
Hlustunarverkefni	Hlustun úr efni sem kennari velur. Nemendur svara spurningum við hlustunina skriflega og senda gegnum Moodle	10%	
Lokapróf	Allt efni annarinnar er til lokaprófs- tekið án orðabókar. Nemandi þarf að ná að lágmarki 40% árangri á lokaprófinu til þess að vetrareinkunn reiknist til hækkunar.	50%	
	Samtals:	100%	

Dagsetning: 17.01.2018
 Undirritun kennara 


 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils